

Föstudaginn 18. júní 1999.

Nr. 40/1999.

Hafnarfjarðarbær

(Guðmundur Benediktsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.,

Bjarni Þór Óskarsson hdl.)

Eignarnám. Landskipti.

Með lögum nr. 11/1936 var ríkinu heimilað að taka eignarnámi jarðirnar í Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ og skyldi afhenda sveitarfélaginu H afnotarétt jarðanna þannig að það fengi þörf sinni fyrir hita, ræktun og sumarþétt fullnægt. Sýslunni G skyldi afhenda lítt ræktanlegt beitiland jarðanna sem afréttarland fyrir sauðfé. Með lögum nr. 101/1940 var kveðið svo á, að G skyldi fá lítt ræktanlegt beitiland jarðanna í samræmi við skiptagerð, sem gerð hafði verið á árinu 1939 samkvæmt fyrirætlun laga nr. 11/1936, en H skyldi fá jarðirnar að öðru leyti. H taldi sig aðeins hafa fengið hluta þess landsvæðis sem það hefði átt rétt á samkvæmt þessu. Talið var, að megintilgangur laga nr. 101/1940 hefði verið sá að afla ríkinu lögformlegrar heimildar til að afsala H beinum eignarrétti að því landsvæði, sem því hefði verið markað í skiptagerðinni. Framganga H í tengslum við afsalsgerðina og eftirfarandi aðgerðarleysi þess um árabíl gæfi ótvírætt til kynna, að það hefði verið ásað við að tilgangi laganna hefði á þeim tíma verið fullnægt. Var staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að hafna kröfum H gegn ríkinu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 2. febrúar 1999. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að gefa út afsal fyrir jörðunum Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi ásamt öllum gögnum og hlunnindum, sem jörðunum fylgja og fylgja ber með þeim takmörkunum, sem greinir í héraðsdómi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Atvikum málsins er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram var gert ráð fyrir því í 2. gr. laga nr. 11/1936 um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar, að áfrýjandi fengi afnotarétt jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar í Grindavíkurhreppi, sbr. 4. tl. 1. gr. laganna, þannig að hann fengi þörf kaupstaðarins fyrir hita, ræktun og sumarreit fullnægt. Gullbringusýslu skyldi afhent lítt ræktanlegt beutiland jarðanna sem afréttarland fyrir sauðfé, og skyldi gera landamerki milli aðila, um leið og þeim væri afhent landið. Í 1. gr. laga nr. 101/1940 um breytingu á framangreindum lögum var svo kveðið á, að Gullbringusýsla fengi í sinn hlut lítt ræktanlegt beutiland jarðanna til sumararbeita fyrir sauðfé samkvæmt skiptagerð, sem framkvæmd hafði verið af þar til kjörinni matsnefnd 1. maí 1939, en áfrýjandi fengi jarðirnar að öðru leyti með öllum gögnum og hlunnindum, sem fylgdu jörðunum, en að undanteknum námuréttindum. Í greinargerð með frumvarpi til breytingarlaganna var skiptagerðin birt og sagt, að báðir aðilar hefðu eftir atvikum fallist á þá skiptingu landsins, sem þar kom fram. Í afsali landbúnaðarráðherra til áfrýjanda 20. febrúar 1941 sagði, að honum væri þar afsalað til eignar og umráða því landi úr jörðunum tveimur, sem afmarkað var í skiptagerðinni. Öll námuréttindi voru undanskilin í afsalinu, en með í söluinni fylgdu hitaréttindi í Krýsuvíkurtorfunni auk afnotaréttar af Kleifarvatni og veiðiréttar í vatninu. Afsalið var áritað um samþykki af þáverandi bæjarstjóra áfrýjanda. Áfrýjandi greiddi ríkissjóði það matsverð, sem ákveðið hafði verið af gerðardómi samkvæmt lögum nr. 11/1936 en Gullbringusýsla greiddi fyrir það, sem í matsgerðinni var nefnt „óræktanlegt eða lítt ræktanlegt land“.

Líta verður svo á, að megintilgangur laga nr. 101/1940 hafi verið sá að afla stefnda lögformlegrar heimildar til að afsala áfrýjanda beinum eignarrétti að því landsvæði, sem honum var markað í skiptagerðinni 1. maí 1939. Framganga áfrýjanda í tengslum við afsalsgerðina og eftirfarandi aðgerðarleysi hans um árabil gefa ótvírætt til kynna, að hann hafi verið ásáttur við, að tilgangi löggjafarinnar um eignarnám á jörðunum Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ hafi á þeim tíma verið fullnægt.

Með þessum athugasemdum verður héraðsdómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hafnarfjarðarbær, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1998.

Stefnandi málsins er Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Stefndi er íslenska ríkið.

Réttargæslustefndi er Héraðsnefnd Suðurnesja, kt. 530689-1669, Vesturbraut 10a, Keflavík.

Málið er höfðað með stefnu áritaðri um birtingu af ríkislögmanni f.h. íslenska ríkisins 30. apríl 1998 en áritaðri af lögmanni réttargæslustefnda 25. maí s.á. og fallið frá stefnufresti, en málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 26. sama mánaðar.

Það var dómtekið 9. desember sl. að afloknum munnlegum málflutningi.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að gefa út afsal fyrir jörðunum Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi í Gullbringusýslu með öllum gögnum og hlunnindum sem jörðunum fylgja og fylgja ber með þeim takmörkunum, sem hér greinir:

A. Undanskilið er það land sem þegar hefur verið afsalað með afsalsbréfi til stefnanda af stefnda og er útgefið 20. febrúar 1941 og er það land nú innan lögsögu stefnanda en landamerki þess eru þessi:

Að vestan, beina stefnu í norður úr Hælsvík í Borgarhól, þar sem hann er hæstur, úr Borgarhóli eftir Sveifluhálsi í vestustu vík Kleifarvatns, að ber í ysta odda Hvammholtstanga. Að norðan ræður Kleifarvatn, í syðsta odda víkur þeirrar, er gengur úr vatninu vestan við Geithöfða og að austan þaðan beina stefnu réttvísandi suður til sjávar, í Keflavík. Að sunnan ræður sjór þannig að óhindraður umferðarréttur áskilst Gullbringusýslu fyrir búpening og til annarrar umferðar, um svæði upp frá sjó, er sé a.m.k. 60 metrar á breidd, enda séu engar girðingar eða umferðarhindranir á þeirri leið.

B. Undan verði skilið sem áhvílandi kvöð á landinu sumarreitarréttur fyrir sauðfé sem réttargæslustefndi nýtur og er nánar tiltekið á lítt eða óræktuðu afmörkuðu landsvæði og er á því landi Krísvúvikurtorfunnar sem liggur utan við þau landmörk sem lýst er undir A-lið hér að framan.

C. Undan verði skilið námuréttindi brennisteins-, leir- og koparnámur, en ekki malar- og hrauntökuréttindi.

D. Landinu verði afsalað með þeim kvöðum, að stefnanda verði óheimilt að selja landið og að haft verði samráð við Bændasamtök Íslands um ræktun þess. Þá hafi stefndi rétt til að kaupa síðar þau hitaréttindi, sem hann kann að þurfa í sambandi við námurekstur eða annað og stefnandi þarf ekki að halda á til sinna þarfa.

E. Þá verði fellt úr gildi ákvæði í fyrrgreindu afsali frá 20. febrúar 1941 og því breytt þannig að í stað ákvæðisins um að öll námaréttindi séu undanskilin, breytist þannig að undanskilin séu námaréttindi til brennisteins-, leir- og koparnáms, en ekki til malar- og hrauntöku.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Af hálfu stefnda, íslenska ríkisins, er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Réttargæslustefndi, Héraðsnefnd Suðurnesja, gerir engar kröfur, enda engar kröfur gerðar á hendur henni. Eftir að hafa skilað greinargerð í málinu lýsti lögmaður réttargæslustefnda því bréflaga yfir, að Héraðsnefnd Suðurnesja myndi ekki hafa frekari afskipti af málinu.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Á árinu 1935 flutti Emil Jónsson, þáverandi alþingismaður Hafnarfjarðarkaupstaðar, frumvarp til laga „um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar“, eins og í yfirskrift frumvarpsins segir. Frumvarpið varð að lögum nr. 11/1936. Í 4. tl. 1. gr. laganna er ríkisstjórninni veitt heimild til að taka eignarnámi jarðirnar Krísvík (í lögnum Krísvík) og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi.

Í greinargerð sem frumvarpinu fylgdi segir, að á árinu 1933 hafi verið lögð fram 3 frumvörp, sem öll hafi hniðið til sömu áttar og miðast við það að bæta úr brýnni og aðkallandi þörf Hafnarfjarðarkaupstaðar á ræktanlegu landi. Ástæður hafi í engu verulegu breyst frá þeim tíma. Áhugi fyrir aukinni ræktun sé mikill og almennur í Hafnarfirði, en landið sé lítið nærtækt, nema hraun sem sé óræktanlegt með öllu. Í niðurlagi greinargerðar með frumvarpinu segir svo: „Enn er það nýmæli í þessu fr., að Krísvík í Grindavíkurhreppi og Stóri-Nýibær verða tekin með. Er það gert með tilliti til þess, að þar eru einu jarðhitasvæðin í nágrenni Hafnarfjarðar. Hafa kaupstaðarbúar mikinn hug á að tryggja sér þau og

notfæra á ýmsa lund síðar. Jarðir þessar eru nú lausar úr ábúð og í eyði, svo tíminn yrði aldrei betur valinn en einmitt nú.“

Í 1. mgr. 2. gr. laganna frá 1936 segir, að afhenda skuli Hafnarfjarðarkaupstað afnotarétt jarðanna, sem í 4. tölul. 1. gr. getur, þannig að hann fái þörf kaupstaðarins fyrir hita, ræktun og sumararbeit fullnægt, en Gullbringusýslu skal afhent lítt ræktanlegt beitiland jarðanna sem afréttarland fyrir sauðfé, hvort tveggja eftir því, sem staðhættir og landrými leyfa. Gera skuli landamerki milli aðila um leið og þeim sé afhent landið. Í 2. mgr. 2. gr. segir m.a., að eignarnámsbætur til eignanda jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar skulu metnar af gerðardómi þriggja manna og mælt fyrir um það, hverjir skuli skipa þá til setu í gerðardómnum.

Gerðardómurinn skilaði niðurstöðu, sem dagsett er 4. nóvember 1936. Þar er tekin afstaða til verðmætis ýmissa kosta og hlunninda jarðarinnar í 10 liðum og verður hér á eftir gerð grein fyrir niðurstöðu gerðardómsins um hvern einstakan þátt.

Í I. kafla er húsakostur jarðanna beggja verðmetinn og komist að þeirri niðurstöðu, að þar í liggja engin verðmæti.

Í II. kafla dómsins er fjallað um ræktað og ræktanlegt land og sá hluti landsins metinn á kr. 10.000, án þess að landsvæðið sé afmarkað með nokkrum hætti.

Í III. kafla gerðardómsins eru vötn og tjarnir jarðanna verðmetnar og komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé þar eftir neinu að slægjast að undanskildu Kleifarvatni. Í niðurlagi kaflans segir svo um Kleifarvatn: „En vitanlega er með öllu ómögulegt að gera sér nokkra grein fyrir því, hversu mikið vatnið kynni að auka verðmæti landsins, en eitthvert tillit virðist þó verða að taka til þess, er heildarverð landsins er ákveðið.“

Í IV. kafla eru námuréttindi jarðarinnar verðmetin. Þar er einkum fjallað um möguleika á nýtingu brennisteinsnáma, en brennisteinn hafði áður verið unninn þar úr jörðu. Í niðurlagi kaflans segir: „Eftir því sem fyrir liggur, virðist því ekki unnt að meta námur þessar til neinnar verulegrar hækkunar á landi jarðanna. En vera má, að þær skipti einhverju máli í sambandi við iðnað þar á staðnum, vinnslu leirs eða annarra efna. Námuréttindi í landinu teljum við því að meta mætti á kr. 2000 – tvö þúsund – krónur.“

Næsti kafla varðar Krýsuvíkurbjarg. Þar er nýtingarmöguleikum lýst og komist að þeirri niðurstöðu, að bjargið sé nokkur þáttur í verði jarðanna, eins og það er orðað í dóminum. Matsverð þessa þáttar nam kr. 4.000.

Í VI. kafla er jarðhiti jarðanna metinn til verðs. Þar eru raktir ýmsir nýtingarkostir og komist að þeirri niðurstöðu, að verðmæti jarðhita á allri Krýsuvíkurtorfunni sé kr. 30.000.

Óræktanlegt land er metið til verðs í VII. kafla gerðardómsins og lýst kostum þess sem afréttarlands til sauðfjárbeitar. Svo virðist sem gerðardómsmenn sjái

ekki að hafa megi önnur not af landinu en til beitar og verðmat gerðardómsins miðist við þau afnot. Í niðurlagi kaflans segir, að óræktanlegt eða lítt ræktanlegt land megi áætla 5.000 kr. virði.

Í VIII. og IX. kafla dómsins er greint frá ítökum, bæði umræddra jarða í annarra manna löndum og eins ítökum annarra í landi jarðanna tveggja, Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar. Í X. kafla eru önnur hlunnindi jarðanna metin. Það var álit gerðardómsins að þeir hagsmunir, sem lýst er í þremur síðustu köflum hans, væru svo óverulegir, að þeir hefðu engin áhrif á heildarmatsverð jarðanna.

Heildarmatsverð jarðarinnar með gögnum öllum og gæðum nam þannig kr. 51.000, sem sundurliðast þannig samkvæmt framansögðu:

Ræktað og ræktanlegt land	kr.	10.000
Námuréttindi	kr.	2.000
Krýsuvíkurbjarg	kr.	4.000
Jarðhitaréttindi	kr.	30.000
Óræktanlegt landsvæði	kr.	5.000
Samtals	kr.	<u>51.000</u>

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem haldinn var 17. nóvember 1936, var fjallað um niðurstöðu gerðardómsins og möguleg kaup bæjarfélagsins á jörðunum tveimur. Lagt var til að bjóða ríkissjóði að kaupa helming hitaréttinda jarðanna, en gengi það ekki eftir myndi bæjarfélagið kaupa jarðirnar með öllum gögnum og gæðum fyrir matsverð. Þetta var kynnt í bréfi bæjarstjóra Hafnarfjarðar til þáverandi forsætisráðherra, sem dags. er 18. nóvember s.á. og áréttað í símskeyti 24. sama mánaðar. Tilmælum bæjarstjóra virðist hafa verið svarað með bréfi dags. 3. desember s.á. en það svarbréf liggur ekki fyrir en þetta má ráða af framlögðu bréfi bæjarstjóra til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 10. desember s.á. Í því bréfi leggur bæjarstjóri til, að kaupverð jarðanna verði greitt með tilteknum hætti, sem þar er nánar lýst. Í niðurlagi bréfsins segir svo: „Ef upphæðin, mót von minni, skyldi reynast of lág, geri jeg ráð fyrir að hana mætti auka nokkuð. Þetta vænti jeg að hið háa ráðuneyti láti nægja til þess að eignarnámið geti farið fram.“

Íslenska ríkið eignaðist jarðirnar Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ með afsali dags. 4. maí 1937. Í afsalinu kemur fram, að ríkissjóður hafi greitt eignarnámsþola „matsverð hinna eignarumdu jarðeigna, sem með matsgjörð, framkvæmdri 4. nóvember 1936 samkvæmt ákvæðum niðurlags 2. gr. fyrrgreindra laga, var ákveðið samtals kr. 51.000 – fimmtíu og eitt þúsund kr., að frádregnum þeim kr. 2000.00 – tvö þúsund – kr., sem téð námuréttindi eru metin í nefndri matsgjörð.....“ eins og þar segir.

Ekkert virðist síðan hafa verið hreyft við málinu þar til á árinu 1939 en þá var

þeim mönnum, sem skipuðu gerðardóminn frá 1936, falið að ákveða landamerki milli ræktanlegs og óræktanlegs lands Krýsuvíkurtorfunnar, að beiðni þáverandi ríkisstjórnar, bæjarstjórnans í Hafnarfirði og sýslumanns Gullbringusýslu. Hinn 1. maí 1939 var ákvörðun tekin á fundi gerðardómsmanna, sýslumanns Gullbringusýslu og bæjarstjórnans í Hafnarfirði, um stærð ræktaðs og ræktanlegs land, sem tilheyra skyldi Hafnarfjarðarkaupstað og það afmarkað á sama kort og gerðardómurinn hafði áður notað. Fram kemur, að fulltrúar Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar hafi eftir atvikum fallist á ákvörðun gerðardómsmanna og undirrita þeir hana athugasemdaleust. Afmörkun landsvæðisins er sú sama og lýst er í kröfugerð stefnanda undir A-lið.

Þáverandi sýslumaður Bergur Jónsson, f.h. Gullbringusýslu, fór þess á leit við atvinnu- og samgönguráðuneytið í bréfi dags. 6. júní 1939 að fá keypt til eignar þann hluta Krýsuvíkurtorfunnar, sem félli utan þess svæðis, sem Hafnarfjarðarkaupstað hafði verið ákvarðað fyrir kr. 5.000, sem svaraði til matsverðs. Með bréfi dags. 23. júní s.á. til sama ráðuneytis var þess óskað af hálfu bæjarstjórnans í Hafnarfirði, Friðjóns Skarphéðinssonar, „að hið háa ráðuneyti gefi Hafnarfjarðarbæ afsal fyrir því landi jarðanna, sem gerðardómurinn hefur afmarkað, svo og öllum jarðhitnum“. Þessi tilmæli áréttaði bæjarstjórninn með bréfi dags. 29. september s.á.

Með lögum nr. 101/1940 er lögum nr. 11/1936 breytt. Í 1. mgr. 1. gr. laganna, sem raunar eru aðeins ein lagagrein, segir svo: „Jarðir þær, sem um getur í 4. tölul. 1. gr. skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað og Gullbringusýslu þannig, að sýslan fái í sinn hlut lítt ræktanlegt beitarnland jarðanna til sumarþeir fyrir sauðfé, samkvæmt skiptagerð, sem framkvæmt var af hinni þar til kjörnu matsnefnd, sbr. niðurlag þessarar greinar, 1. maí 1939, en Hafnarfjarðarkaupstaður fái jarðirnar að öðru leyti með öllum gögnum og hlunnindum, sem jörðunum fylgja og fylgja ber að undanteknum námuréttindum.“

Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi til þessara laga kemur fram, að eldri lögin frá 1936 hafi þótt svo óljós, að landbúnaðarráðherra hafi ekki talið sig geta framkvæmt landskiptin, samkvæmt tillögu matsnefndar (gerðardómsins). Af hálfu Emils Jónssonar, flutningsmanns frumvarpsins, kemur fram, að lagafrumvarpið sé lagt fram að ósk bæjarstjórnans í Hafnarfirði, til að „taka fram skýrar en áður var það, sem ég tel, að samkomulag hafi verið um þegar lögin á sínum tíma voru sett.“ Með bréfi dags. 21. maí 1940 til atvinnuáráðuneytisins ítrekaði Friðjón Skarphéðinsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, fyrri tilmæli sín með vísan til þeirra tveggja bréfa, sem áður er getið. Þar er þess óskað að ráðuneytið „láti Hafnarfjarðarbæ í tje afsal fyrir Krýsuvíkurlandi samkv. lögum nr. 11, 1. febr. 1936, og samkv. lögum um breytingu á þeim lögum frá síðasta Alþingi, sem væntanlega hafa þegar hlotið staðfestingu“, eins og í bréfi hans segir.

Með afsali dags. 20. febrúar 1941 afsalaði landbúnaðarráðherra til Hafnar-

fjarðarkaupstaðar til eignar og umráða landsvæði því, sem nú er í eigu kaupstaðarins og er landamerkjum lýst með sama hætti og fram kemur í kröfugerð stefnanda undir A-lið og áður er vikið að. Að auki er öllum hitaréttindum afsalað til kaupstaðarins á allri Krýsuvíkurtorfunni og aðstöðu til hagnýtingar þeirra. Í afsalinu kemur fram, að Hafnarfjarðarkaupstaður skuli hafa afnot af Kleifarvatni, svo og allan veiðirétt í vatninu, en óheimilt sé að setja girðingu meðfram vatninu, nema fyrir eigin landi. Þar segir ennfremur: „Öll námuréttindi eru undanskilin í afsali þessu og geymist eiganda þeirra óhindraður umferðar- og afnotaréttur af hinu afmarkaða svæði Hafnarfjarðarkaupstaðar, eftir þörfum.“ Þá er getið um það í afsalinu, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi greitt að fullu andvirði landsins kr. 44.000, að viðbættum áföllnum kostnaði kr. 6.813.10 og lýst nánar með hvaða hætti greiðslan var innt af hendi. Í upphafsorðum afsalsins segir svo: „Samkvæmt lögum nr. 101, 14. maí 1940, sbr. lög nr. 11, 1. febrúar 1936, afsala ég hér með f.h. ríkissjóðs til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar vegna Hafnarfjarðarkaupstaðar til eignar og umráða landi úr jörðunum Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ (Krýsuvíkurtorfunni).....“ Neðanmáls í afsalinu er ritað: Samþykkur f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar þt. Rvk 24/2 '41 Friðjón Skarphéðinsson. Undirritun hans er vottuð af tveimur vottum.

Með afsali dags. 29. september s.á. afsalaði landbúnaðarráðherra til Gullbringusýslu „öllu lítt ræktanlegu beitolandi jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar (Krýsuvíkurtorfunnar) í Grindavíkurbreppi í Gullbringusýslu, til sumarbeitar fyrir sauðfé og er þá jafnframt undanskilið úr jörðum þessum það land, sem með afsalsbréfi ráðuneytisins, dags. 20. febrúar 1941, hefur verið afsalað Hafnarfjarðarkaupstað...“ Einnig er í afsalinu sölu hitaréttinda til Hafnarfjarðarkaupstaðar getið og afnotaréttar kaupstaðarins að Kleifarvatni. Þá kemur fram í afsalinu að andvirði landsins kr. 5.000 að viðbættum kostnaði kr. 961,86 sé að fullu greitt.

Á sjöunda áratug aldarinnar reis ágreiningur um norðurmörk Krýsuvíkurlands og suðurmörk Hafnarfjarðarbæjar, sem lauk með dómi landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu uppkveðnum 14. desember 1971 í máli nr. 329/1964. Sóknaraðilar málsins voru Jarðeignadeild ríkisins og Gullbringusýsla, en Hafnarfjarðarbær var varnarmegin. Í upphafi dómsins segir: „Sýslusjóður Gullbringusýslu er aðili að máli þessu sem eigandi beittaréttar á öllu útlandi Krýsuvíkur, sem ekki er eign Hafnarfjarðarkaupstaðar, og hinn reglulegi dómari, þá Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður, er oddviti sýslunefndar Gullbringusýslu. Hefur hann því vikið sæti.....“. Í dómnum er hvergi að finna vísbendingu um það, að Hafnarfjarðarbær hafi þá talið sig eiga tilkall til eignaréttar að landsvæði því, sem beittaréttur Gullbringusýslu nær til.

Á árinu 1981 óskaði þáverandi bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar eftir upplýsingum hjá landbúnaðarráðuneytinu um eignarnám það, sem átt hafði sér stað á

grundvelli laganna frá 1936 og 1940. Af gögnum málsins má ráða, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafi allt frá árinu 1982 gert kröfu til eignarréttar yfir þeim hluta Krýsuvíkurlands, sem Gullbringusýslu var veitt beitarafnot af með afsalinu frá 29. september 1941.

Bréf hafa síðan gengið á milli stefnanda og stefnda nokkuð árvisst og hefur stefndi jafnan hafnað tilmælum stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja dómkröfur sínar á ákvæðum laga nr. 11/1936 um eignarnámsheimild á nokkrum löndum o.fl., samanber breytingarlög nr. 101/1940, en vísar einnig til réttarreglna kröfuréttar þeim til stuðnings.

Stefnandi hafi uppfyllt sínar skyldur, samkvæmt ákvæðum eignarnámsslaganna, með því að greiða ríkissjóði fyrir jarðirnar tvær, samkvæmt mati hinnar lögskipuðu matsnefndar að undanskildum beitarrétti á lítt ræktanlegu landi, sem komið hafi í hlut Gullbringusýslu og námurétti, sem stefndi hafi haldið eftir í samræmi við framangreind lög. Hann eigi lögvarinn rétt á því, samkvæmt skýru orðalagi breytingarlaganna nr. 101/1940, að fá jarðirnar, sem ríkissjóður tók eignarnámi, afhentar í heild sinni og hann hafi þegar greitt fyrir eins og ætlast hafi verið til.

Ljóst sé af skýru orðalagi breytingarlaganna nr. 101/1940, að Krýsuvíkurtorfunni skyldi skipt milli stefnanda og Gullbringusýslu einna en námuréttindin ein hafi átt að koma í hlut stefnda. Í umræðum á Alþingi, þegar frumvarpið var þar til meðferðar, komi glöggst í ljós, að sá hluti landsins, sem um sé deilt, hafi ekki átt að verða eign stefnda. Stefndi hafi ekki átt þetta land og ekki staðið til, að hann eignaðist það með því eignarnámi, sem framkvæmt hafi verið í þágu stefnanda og réttargæslustefnda með heimild í umræddum lögum.

Með afsali landbúnaðarráðherra frá 20. febrúar 1941 hafi stefnandi einungis fengið hluta jarðanna afsalað til sín og því hafi ákvæðum laga nr. 11/1936, samanber breytingarlögin nr. 101/1940, enn ekki verið fylgt fram að öllu leyti.

Lögin nr. 11/1936, eins og þeim hafi verið breytt með lögum nr. 101/1940, séu skýr og afdráttarlaus. Stefnandi og Gullbringusýsla hafi ein átt að skipta með sér Krýsuvíkurtorfunni.

Þörf stefnanda fyrir hið umdeilda land sé síst minni nú en þegar heimildarlögin til eignarnáms voru samþykkt á Alþingi 1936 og 1940. Ræktunarsjónarmiðin séu enn í fullu gildi og þýðingarmikið sé einnig að fá eignarumráð vegna vatnsvermdarsjónarmiða. Þá megi reikna með, að fyrr en síðar verði jarðhiti landsvæðisins nýttur og þá sé mjög þýðingarmikið fyrir stefnanda að njóta eignarumráða landsins á og kringum hitasvæðin. Sérstök ástæða sé fyrir stefnanda að fá eignarumráðin því að mikið hitasvæði sé við Trölladyngjusvæðið, sem kunni að verða virkjað innan tíðar. Þá sé stefnanda mikil þörf á meira landrymi í náninni

framtið, þar sem byggilegt svæði minnki óðum og fyrirsjáanlegt sé, að landleysi muni hamla byggðarþróun, nema til komi viðbótarland. Krýsuvíkurtorfan liggja að landi stefnanda sunnanverðu og yrði þessi stækkun bæjarlandsins mjög hentug.

Stefnandi hafi margsinnis farið fram á það við landbúnaðarráðuneytið, að gengið yrði frá afsali til bæjarins fyrir jörðunum Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ í heild sinni, eins og kveðið sé á um í lögnum frá 1936 og 1940, en án árangurs. Með bréfi dags. 1. september 1982 hafi bæjarstjórn Hafnarfjarðar komið á framfæri við ráðuneytið samþykkt sinni frá 18. maí 1982 um að skora á ráðuneytið að gefa út afsal fyrir jörðunum og sjá til þess að lögsagnarumdæmi kaupstaðarins yrði stækkað til samræmis við 4. gr. laga nr. 11/1936. Það bréf hafi verið ítrekað 18. nóvember 1983, en ráðuneytið látið hjá líða að svara erindinu. Bæjarstjóri stefnanda hafi ritað landbúnaðarráðherra bréf þann 10. september 1985 og enn óskað svars, sem fyrst hafi borist 18. nóvember 1986. Þar hafi kröfum bæjarstjórnar verið hafnað. Sama svar hafi borist við tveimur bréfum bæjarins frá 1996, þar sem kröfur bæjarins voru enn ítrekaðar og enn hafi sama afstaða borist með bréfi ráðuneytisins dags. 25. mars 1997.

Stefnanda sé því nauðugur sá kostur að fá stefnda knúinn með dómi til þess að gefa út afsal fyrir því landi Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem hann hafi enn ekki afsalað til stefnanda með þeim takmörkunum, sem áður sé getið, og fram komi í lögum nr. 11/1936, og breytingarlögum þeirra nr. 101/1940.

Matsgerð matsnefndarinnar og önnur málsskjöl þessa máls bendi öll ótvírætt til þess, að með námuréttindum í lögum nr. 101/1940 sé átt við vinnslu brennisteins, leirs og kopars, en ekki við malar- og hrauntöku. Á grundvelli þeirra sönnunargagna sé þess krafist, að viðurkennt verði að malar- og hrauntaka sé undanskilin námuréttindum stefnda.

Samkvæmt 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 taki héraðsnefndir við eignum og skuldum sýslufélaga. Héraðsnefnd Suðurnesja sé því stefnt til réttargæslu en ekki sýslunefnd Gullbringusýslu.

Stefnandi kveðst byggja málsókn sína á almennum reglum kröfuréttar og ákvæðum laga nr. 11/1936 um eignarnámsheimild á nokkrum löndum o.fl. og með lögum um breytingar á þeim lögum nr. 101/1940.

Til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því, að allir málsaðilar hafi litið svo á, allt frá því að lögin frá 1940 komu til framkvæmda og fyrrgreind afsöl höfðu verið gefin út, að ríkissjóður væri eigandi að því lítt ræktanlega landi, sem Gullbringusýsla hafði afnot af til sumarbeitar. Það hafi verið sameiginlegur skilningur aðilanna að full-

nægt hafi verið öllum skyldum ríkissjóðs, samkvæmt lögunum frá 1936 og 1940, með afsölonum tveimur. Stefnandi hafi engar kröfur sett fram í þessu sambandi, fyrr en rúmum 40 árum síðar. Líta verði til þess, hvernig umráðum og vörslum landsvæðanna hafi verið háttað sem og, hvernig huglæg afstaða málsaðila hafi verið, en hún sýni ótvírætt, að enginn þeirra hafi dregið í efa grunneignarrétt stefnda að deilulandinu með þeim takmörkunum sem falist hafi í afsölonum tveimur, en stefnandi og réttargæslustefndi eigi þar aðeins takmörkuð réttindi til afnota, annars vegar til sumarþeirra fyrir sauðfé og hins vegar hitaréttindi og takmörkuð réttindi yfir Kleifarvatni, auk umferðarréttar. Stefndi vísar í þessu sambandi til dóms landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í málinu nr. 329/1964: Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu gegn Hafnarfjarðarkaupstað. Í máli því hafi verið deilt um landamerki jarðar, aðliggjandi Krýsuvíkurtorfunni. Jarðeignadeild ríkisins hafi verið aðili að málinu, sem og sýslusjóður Gullbringusýslu, en hinn síðarnefndi sem eigandi beitarréttar á öllu útlandi Krýsuvíkur. Stefnandi hafi verið varnaraðili málsins. Í þessu máli hafi því aldrei verið haldið fram af hálfu stefnanda, að hann væri rétt-hafi að landi því, sem nú sé deilt um. Beri því almennt og eins og málið horfi nú við sömu aðilum að telja dóm þennan hafa sönnunargildi, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá sé ljóst, að mati stefnda, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi ekki greitt fyrir annað en hitaréttindi í Krýsuvíkurtorfunni og það land sem talist hafi ræktað og ræktanlegt í skiptagerðinni frá 1. maí 1939. Stefnandi hafi alls greitt kr. 44.000 fyrir ræktaða og ræktanlega landið, jarðhitann og Krýsuvíkurbjarg, sem sé innan marka hins afsalaða lands, svo sem nánar sé tilgreint í afsalinu frá 20. febrúar 1941. Þrætlendið hafi aftur á móti verið afhent Gullbringusýslu til sumarþeirraafnota, sem greitt hafi fyrir, sem svaraði til matsverðs alls landsins, samkvæmt matsgerðinni frá 1936. Sú ráðstöfun hafi verið í samræmi við heimildarlög eignarnámsins. Því sé sú fullyrðing stefnanda röng, sem mál- atilbúnaður hans byggist á, að hann hafi greitt fyrir það land, sem krafist sé að afsalað verði.

Stefndi kveðst byggja á þeirri meginreglu kröfuréttar um fasteignakaup, að sú réttarlega þýðing sé lögð í útgáfu afsals, að eignarréttur sé óskilyrtur og að kaup hafi verið efnd m.a. með greiðslu umsamins kaupverðs. Með afsalinu til stefnanda frá 1941 hafi því landið verið afsalað, sem afnotaréttur Gullbringusýslu náði ekki til og hafi stefnandi einungis greitt fyrir það land og þau réttindi, sem afsal hafi tilgreint, en á það hafi verið ritað samþykki af hálfu stefnanda. Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi á þeim tíma ekki staðið í þeirri trú, að þeir væru að greiða fyrir land það, sem nú sé krafist afsals að, enda hafi stefnandi hvorki þá né síðar greitt fyrir umþrætt landsvæði.

Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í mál-

inu, enda hafi hvorki lög né löggerningur gert ráð fyrir að landinu yrði afsalað til stefnanda endurgjaldslaut.

Stefndi byggir ennfremur á því, að réttur til útgáfu afsals fyrir því landsvæði, sem um sé deilt í málinu, sé fallinn niður sökum fyrningar samkvæmt lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Frá útgáfu afsals þann 20. febrúar 1941, uns mál þetta var höfðað þann 30. apríl 1998, hafi liðið rúm 57 ár og hugsanlegar kröfur stefnanda á hendur stefnda því löngu fyrndar, sbr. 4. gr. laga nr. 14/1905, jafnvel þótt miðað yrði við lengstan fyrningartíma, sem þau lög geri ráð fyrir. Stefndi byggir einnig á því að hugsanlegur kröfuréttur til útgáfu afsals á grundvelli laganna sjálfra frá 1940 sé fyrndur. Hafi falist í greiðslu stefnanda árið 1941 andvirði lands sem ekki var gefið út afsal fyrir, sé réttur til afhendingar og/eða útgáfu afsals, samkvæmt þeim gerningi, löngu fallinn niður fyrir fyrningu.

Stefndi byggir einnig á því að krafa stefnanda sé niður fallin sökum tómlætis, enda hafi engir fyrirvarar verið gerðir af hálfu stefnanda, er löglærður bæjarstjóri samþykkti afsalið fyrir hans hönd, fjórum dögum eftir útgáfu þess, en í því hafi verið vísað til laganna nr. 101/1940, auk skiptagerðarinnar frá 1939. Liðið hafi rúm 40 ár uns stefnandi lýsti annarri skoðun í bréfaskiptum sínum við landbúnaðarráðuneyti, en málið muni fyrst hafa komið til skoðunar hjá stefnanda á árinu 1981. Síðan hafi liðið 17 ár þar til mál þetta var höfðað.

Þá byggir stefndi á því, að skýra verði lögin frá 1936 og breytingarlögin frá 1940 í ljósi forsögu þeirra og á grundvelli þeirrar orðskýringar, sem eðlilegust teljist og samhengi ákvæðanna innbyrðis, sem og í ljósi tilgangs þeirra, sérstaklega varðandi hitaréttindi. Á þeim tíma sem lögin komu til framkvæmda hafi þau verið efnd gagnvart stefnanda í samræmi við skilning hans. Verði að líta til þess, hversu sérstök lagasetningin hafi verið, þar sem þeim hafi verið ætlað að kveða á um réttarstöðu þriggja aðila. Þeir hafi ekki dregið í efa um áratuga skeið að skyldur samkvæmt lögnum hafi verið réttilega efndar. Aðaltilgangur laganna hafi verið sá að afla stefnanda hitaréttinda og ræktanlegs lands til búskapar. Forsenda laganna sé aftur á móti algerlega brostin, ef telja eigi nú, að stefnandi hafi greitt fyrir umrædd landsvæði með þeim fjárhæðum sem inntar voru af hendi.

Með vísan til þess, að lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarakaupstaðar hafi ekki verið breytt með lögum, varðandi landsvæðið umdeilda, verði einnig að telja lögin frá 1936 og 1940 úr gildi fallin, þar sem þau hafi komið að fullu til framkvæmda í samræmi við tilgang þeirra. Í greinargerð með frumvarpi er varð að lögum nr. 40/1946 komi skýrt fram í fylgiskjali (bréfi bæjarstjóra stefnanda) að einungis hafi verið um að ræða landið, sem stefnanda hafi verið afsalað þann 20. febrúar 1941.

Verði litið svo á, að stefnandi hafi, samkvæmt lögum nr. 101/1940, átt lögvarinn eignarétt að umþrættu landsvæði sé eignarhald stefnda löngu helgað sam-

kvæmt lögum nr. 46/1905 um hefð. Samkvæmt 1. gr. laganna megi vinna hefð á fasteign án tillits til þess, hvort hún hafi áður verið einstaks manns eign eða opinber eign. Ekki sé ágreiningur um það, að stefndi hafi haldið eignarráðum að umræddu landsvæði allt frá því að landið var tekið eignarnámi. Það hafi verið áréttað og óumdeilt í fyrrgreindu landamerkjamáli. Stefndandi hafi ekki vefengt rétt stefnda til eignarhaldsins í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 46/1905, fyrr en með málsókn þessari, en frá því að afsalið til stefnanda frá 20. febrúar 1941 uns málið var höfðað hefur liðið tæplega þrefaldur hefðartími samkvæmt 2. gr. laganna og enn lengri tími sé miðað við framkvæmd eignarnámsins. Liðið hafi meira en 20 ára hefðartími sé miðað við rekstur og dóm í áðurnefndu landamerkjamáli.

Af þessum sökum beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Einnig beri að líta svo á, að það sé aðeins á færi löggjafans að hlutast til um aðra tilhögun eignarréttar yfir landsvæðinu, sbr. 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, sbr. og meginreglu í 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afreita.

Í dómkröfum stefnanda felist takmarkanir, sem tilfærðar séu í fimm stafliðum. Stefndi kveðst mótmæla sérstaklega C-lið, þar sem þess sé krafist að undan verði skilin námuréttindi brennisteins-, leir- og koparnámur, en ekki malar- og hrauntaka. Í þessum lið virðist vísað til þess landsvæðis, sem krafist sé afsals fyrir. Verði ekki á sýknukröfu fallist sé þessari takmörkun á útgáfu afsals mótmælt sem órökstuddri. Í 1. gr. laga nr. 101/1940 hafi námuréttindi verið undanþegin, án sérstakrar afmörkunar og falli malar- og hrauntaka augljóslega undir námuréttindi. Sú skipting námuréttinda, sem stefndandi ráðgerir, eigi ekki stoð í lagaákvæðinu. Verði að skilja orðið „námuréttindi“ í lögum þannig, að það taki til hvers konar námuréttinda sé annað ekki tekið fram. Afsal námuréttinda að hluta til eða í heild samræmist hvorki tilgangi laganna frá 1936 né 1940 og hafi stefndi ekki heimild til að afsala til stefnanda hluta námuréttinda.

Í D-lið dómkrafna sé ranglega vísað til Búnaðarfélags Íslands, en samkvæmt lögum hafi Bændasamtök Íslands tekið við hlutverki hins fyrrnefnda. Kröfugerðin sé því óraunhæf að þessu leyti og ekki tæk til dóms.

E-liður dómkröfu stefnanda sé órökstuddur í stefnu og sé þeim lið sérstaklega mótmælt. Með þessum lið sé krafist breytingar á þegar gerðum löggerningi að því er varði landið sem afsalað hafi verið þann 20. febrúar 1941. Stefndi vísar til sömu röksemda og varðandi C-lið hér að framan og til þess, að afsalið hafi verið samþykkt án fyrirvara af hálfu stefnanda. Auk þess hafi stefndandi ekki bent á neinar þær ástæður, sem legið gætu til ógildingar eða breytinga á löggerningi samkvæmt lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá vísar stefndi um þennan lið til framangreindra málsástæðna, meðal annars um fyrningu og tómlæti.

Stefndi bendir á nokkur atriði sem varða kynnu frávísun málsins án kröfu. Dómkrafa stefnanda sé í raun ódómtæk, þar sem hún feli ekki í sér að afsalið skuli gefið út til handa stefnanda. Auk þess felist ósamrættar kröfur í málinu og ólík sakarefni innbyrðis í sambandi við kröfu stefnanda um breytingu á löggæringi, sem sé, að því er virðist, óháð aðalkröfu málsins. Vísast hér til 25. og 80. gr. laga nr. 91/1991 svo og meginreglna einkamálaréttarfars.

Um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins lýstu lögmennt málsaðila því yfir, að enginn ágreinngur sé um landamerki jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, né heldur um landamerki að landsvæði því, sem stefnda var afhent til eignar með afsali stefnda til stefnanda 20. febrúar 1941.

Þá komu fyrir dóminn til skýrslugjafar Jón Bergsson og Björn Árnason, fyrrverandi bæjarverkfræðingar stefnanda. Framburður þeirra var í meginatriðum sem hér segir:

Jón Bergsson kvaðst hafa verið bæjarverkfræðingur hjá Hafnarfjarðarbæ á árunum 1960 til 1965. Meðan hann gegndi því starfi hafi það verið hans skoðun og þáverandi bæjarstjóra, að eitthvað hafi misfarist með eignarhaldið á útlandi Krýsuvíkur. Það hafi jafnvel verið hugsað þannig á sínum tíma, að Hafnarfjarðarbær hafi átt að fá alla jörðina, en síðan hafi sauðfjárbættarréttur verið sterkari, þannig að ríkið hafi haldið eftir útlandi Krýsuvíkur að undanskildu því landi, sem Hafnarfjörður hafi fengið úr Krýsuvíkurjörðinni niður til sjávar.

Björn Árnason kvaðst hafa verið bæjarverkfræðingur Hafnarfjarðar á tímabilinu frá ársbyrjun 1968 fram á mitt ár 1995. Hafi hann fljótlega, eftir að hann réðst til starfa hjá stefnanda, farið að kynna sér eignarhald að landsvæði því, sem um er deilt í málinu í tengslum við lóðarskráningu, sem heyrt hafi undir starfs-svið hans. Honum og bæjaryfirvöldum hafi í raun alltaf verið óskiljanlegt með hliðsjón af fyrirliggjandi heimildum, hvað hafi í raun gerst í þessu efni, þar sem gögn um það að afhenda skyldi Hafnarfjarðarkaupstað landsvæðið til eignar hafi verið skýr og ótvíræð. Ríkisvaldið hefði ekkert fé lagt til þessara kaupa og því sé honum ráðgáta með hvaða hætti ríkið hefði eignast landið, nema það hafi verið hugsað sem endurgjald til ríkisins fyrir milligöngu þess í málinu. Hann hafi ekki kynnt sér fundargerðir bæjarstjórnar Hafnarfjarðar eða bæjarráðs frá fyrri tíma um meðferð málsins þar. Aðspurður kvaðst hann hafa lítið vitað um málarekstur milli ríkisins og stefnanda um landamerki Krýsuvíkur og stefnanda, fyrir en dómur hafi gengið.

Álit dómsins.

Í fyrstu drögum að frumvarpi til laga nr. 11/1936 er lýst því nýmæli frá eldri frumvörpum um sama efni, sem höfðu það að markmiði að tryggja íbúum Hafnarfjarðarbæjar ræktunarland, að taka jarðirnar Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ eignarnámi í því skyni að tryggja Hafnirfiringum aðgang að jarðhita. Í 2. gr. fyrstu frumvarpsdraganna er ekki vikið orði að því, að með eignarnámi jarðanna skyldi jafnframt fullnægja þörf Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir ræktun og sumarþétt. Í meðförum þingsins breytist texti frumvarpsins, hvað 2. gr. þess varðar, í þá veru, sem síðar var lögfest með fyrrnefndum lögum nr. 11/1936. Í umræðum á Alþingi kemur fram af hálfu Emils Jónssonar flutningsmanns frumvarpsins, að það sé lagt fram til að bæta úr brýnni þörf Hafnarfjarðarkaupstaðar á ræktanlegu landi og til að tryggja bænum jarðhita á einum stað, sem sé svo nærri að hægt eigi að vera að nota hann til virkjunar.

Lögin nr. 11/1936 gerðu ráð fyrir því, að stefnandi fengi afnotarétt að landi því og hitaréttindum, sem ríkinu var gert skylt að taka eignarnámi og afhenda síðan kaupstaðnum í því skyni að fullnægja þeirri þörf, sem lögunum var ætlað að bæta úr. Viðkomandi ráðherra var því óheimilt að afsala landsvæði því til eignar, sem koma skyldi í hlut stefnanda samkvæmt gerðardómnum frá 1936 og landskiptagerð gerðardómsmanna frá 1939, enda stóð 36. gr. þágildandi stjórnarskrár því í vegi. Því var það, að Emil Jónsson alþingismaður flutti frumvarp til laga, sem síðan voru samþykkt sem lög nr. 101/1940. Í niðurlagi ræðu sinnar segir þingmaðurinn svo: „Ég vil að lokum vænta þess, að þar sem hér er í raun og veru ekki um annað en leiðréttingu á óskýru orðalagi að ræða þá geti þetta frumvarp fengið fljóta afgreiðslu hér í dag.“ Í greinargerð með frumvarpinu segir flutningsmaður svo: „Ég lét hér einnig fylgja skiptagerð matsnefndarinnar, þar sem landi jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar er skipt milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Gullbringusýslu, og hafa báðir aðilar eftir atvikum fallist á þá skiptingu“.

Lögin nr. 101/1940 voru að efni til í meginatriðum í samræmi við fyrstu frumvarpsdrögin. Sú breyting, sem varð í meðförum Alþingis, laut einkum að því að tryggja réttindi ríkisins til nýtingar námuréttinda svæðisins, sem ekki skyldu fylgja með í fyrirhugaðri sölu til stefnanda, og jafnframt því að tryggja ríkinu aðgang og kauprétt að þeim jarðhita svæðisins, sem stefnandi myndi ekki nýta, með hliðsjón af matsverði gerðardómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á hendur stefnda einkum á síðastgreindum lögum. Þau séu að hans mati skýr og ótvíræð og taki af öll tvímæli um það, að löggjafinn hafi ætlað Hafnarfjarðarkaupstað eignarétt að allri Krýsuvíkurtorfunni, enda segi berum orðum í lögunum, að „Hafnarfjarðarkaupstaður fái jarðirnar að öðru leyti með öllum gögnum og hlunnindum, sem jörðunum fylgja og fylgja beri, að undanteknum námuréttindum.“

Dómurinn lítur svo á, að við túlkun laganna verði líta til tilgangs þeirra. Ber þar fyrst að nefna, að skipan sú, sem komst á með afsali stefnda til stefnanda hinn 20. febrúar 1941, virðist hafa þjónað þeim tilgangi, sem að var stefnt með lögunum frá 1936. Stefnandi fékk allt ræktað og ræktanlegt land Krýsuvíkurtorfunnar til eignar, ásamt hitaréttindum alls hins eignarumda landsvæðis. Í þessu sambandi má benda á bréf Friðjóns Skaphéðinssonar, þáverandi bæjarstjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar, til atvinnu- og samgönguráðuneytisins frá 23. júní 1939. Þar er þess óskað, „að hið háa ráðuneyti gefi Hafnarfjarðarbæ afsal fyrir því landi jarðanna, sem gerðardómurinn hefur afmarkað, svo og öllum jarðhitanum“, sjá bls. [2783] að framan. Einnig verður ekki fram hjá því litið, að sami Friðjón áritaði samþykki sitt á afsalið frá 20. febrúar 1941 án nokkurs fyrirvara. Til hins sama bendir langvarandi aðgerðarleysi stefnanda.

Einnig verður að taka mið af því, að lögin frá 1940 eru samþykkt sem breyting á lögunum frá 1936 og ber því að túlka lögin saman. Þegar breytingarlögin voru samþykkt, var skiptagerðin frá árinu 1939 lögð fyrir Alþingi til skýringar og áréttingar þess, sem þegar hafði verið unnið að í málinu. Því lá það eitt fyrir, að því er virðist, að fá heimild Alþingis til að samþykkja sölu til stefnanda á því landsvæði, sem þegar hafði verið ákveðið að afhenda stefnanda með landskiptagerðinni.

Þá verður ekki fram hjá því litið, að svo virðist sem allir hlutaðeigandi, bæði fulltrúar ríkisvaldsins og fyrirsvarsmenn stefnanda, hafi á þeim tíma álitnið, að stefnandi hafi með afsalinu frá 20. febrúar 1941 fengið það, sem lögin frá 1940 mæltu fyrir um og þeim fullnægt með þessum hætti.

Þessu til áréttingar og staðfestingar verður einnig að horfa til tveggja laga, sem síðar voru samþykkt á Alþingi og fjalla bæði um breytingu á lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Í fyrsta lagi er um að ræða lög nr. 40 frá 1946, sem varða breytingu á lögum nr. 11/1936. Emil Jónsson var sem fyrr flutningsmaður þessa lagafrumvarps. Í fylgiskjali frá bæjarstjóra Hafnarfjarðar á þeim tíma, sem frumvarpinu fylgdi, er lýst þörf Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir því, að lögsagnarumdæmið verði stækkað með vísan til fyrirhugaðra framkvæmda á landsvæði kaupstaðarins í Krýsuvíkurlandi, en afhending landsins á sínum tíma hafi ekki átt að leiða til stækkunar lögsagnarumdæmisins. Í fylgiskjalinu segir m.a. svo: „Eignarnám á jörðum þessum (Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ, innskot dómara) hefur nú farið fram samkv. ákvæðum ofangreindra laga (lög nr. 11/1936, innskot dómara) og hafa þær verið seldar og afhentar Hafnarfjarðarkaupstað, eins og þar greinir, sbr. og lög nr. 101 frá 1940.“

Síðari lögin eru nr. 46 frá árinu 1964. Í 1. gr. laganna segir, að Hafnarfjörður skuli vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk landsins eru: A. „B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar,

sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.“ Enn kemur Emil Jónsson við sögu, en nú sem félagsmálaráðherra. Staðfestir hann lögina með þáverandi forseta Íslands.

Í báðum þessum lögum er gengið út frá því, að stefnandi eigi aðeins hlut í umræddum jörðum og hvergi að því vikið, að hann kunni að eiga víðtækari rétt.

Loks ber að líta til landamerksamáls nr. 329/1964, sem áður er lýst. Þar er hvergi að finna ráðagerð um það, að stefnandi kunni að eiga grunneignarrétt að þeim hluta Krýsuvíkurlands, sem hann gerir nú kröfu til. Fullt tilefni gafst þar til að halda þessari málsástæðu á loft. Upphaf þessa máls má rekja allt til ársins 1964 eða til sama tíma og frumvarp til áður nefndra laga, laga nr. 46/1964, var lagt fram á Alþingi.

Þegar allt það er virt, sem að framan er rakið og litið til áratuga aðgerðarleysis og tómlætis stefnanda, verður að telja, að túlka beri lög nr. 101/1940, sem stefnandi byggir málsókn sína á, með þeim hætti, að þeim hafi að öllu leyti verið fullnægt með því að afhenda stefnanda til eignar landsvæði það, sem tilgreint er í afsali stefnda til stefnanda frá 20. febrúar 1941. Ekki verður heldur litið fram hjá því, að stefnandi hefur ekki greitt fyrir annað en það sem hann fékk.

Gullbringusýsla greiddi aftur á móti fullt matsverð fyrir það landsvæði, sem stefnandi gerir nú tilkall til, enda þótt endurgjald stefnda hafi aðeins falist í því að leyfa sýslunni og íbúum hennar afnot landsins til sumarbeitar fyrir sauðfé.

Niðurstaða dómsins er því sú, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda. Í því felst að sýkna ber stefnda einnig af þeirri kröfu stefnanda, er veit að námuréttindum samkvæmt E-lið í stefnu, enda segir berum orðum í niðurlagi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 101/1940, að námuréttindi skuli ekki fylgja í sölu stefnda til stefnanda, sem verður að túlka þannig, að þar sé átt við öll námuréttindi og töku og nýtingu allra jarðefna á svæðinu.

Með vísan til 3. tl. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, eins og hér stendur á, að hvor málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð :

Stefndi, landbúnaðarráðherra f.h. íslenska ríkisins, er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Málskostnaður fellur niður.